

ákærða um lengri tíma hafi getað orðið þess valdandi, að hann hafi litið svo á, að verknaður sinn væri eigi réttarbrott, og þykir því rétt samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940 að ákveða, að refsing hans skuli falla niður.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, kr. 400.00.

Hin ólöglegu veiðitæki skulu upptæk gerð.

Dómsorð:

Ákærði Sigurgeir Jóhannsson, Litlu-Fellsöxl, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Refsing ákærða Jóhanns Símonarsonar, bónda á Litlu-Fellsöxl, falli niður.

Ákærði Jóhann Símonarson greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda hans, hdl. Jóhannesar Elíassonar, 400.00 — fjögur hundruð — krónur. Þá greiðist úr ríkissjóði laun skipaðs verjanda Sigurgeirs Jóhannssonar, 400.00 — fjögur hundruð — krónur.

Ólögleg veiðitæki ákærða Jóhanns Símonarsonar skulu upptæk gerð og andvirði þeirra renna í sýslusjóð Borgarfjarðar-sýslu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. júní 1955.

Nr. 154/1954. Ákæruvaldið (Hermann Jónsson)

gegn

Gísla Gíslasyni (Hermann Jónasson).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Ákæra um brott gegn laxveiðilögum. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með ákæruskjali, útgefnu af Dómsmálaráðuneytinu 19. febrúar 1954, var mál þetta höfðað á hendur ákærða, Gísla

Gíslasyni, „fyrir að hafa s.l. sumar“ (þ. e. 1953) „og allt frá því á árinu 1942 stundað laxveiði í ós við Urriðaá í Skilmannahreppi við sunnanvert Lambhaganes með ólöglegum veiðitækjum, þannig að op í veiðikrær vissu móti straumi og leiðarar frá girðingum veiðitækja lágu upp á móti straumi, svo að í tækin veiddist fiskur, sem leitaði út úr ánni og árósnum. Teljast brot þessi varða við 4. tl. 30. gr., sbr. b-lið 89. gr. laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði. Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafizt, að hin ólöglegu veiðitæki verði gerð upptæk samkvæmt 93. gr. nefndra laga.“

Eins og sjá má af ákæruskjali þessu, sem skylt var að greina í héraðsdómi, ener þar aðeins að litlu leyti getið, er ákærði sak-sóttur fyrir ólöglega veiði með fleiri en einu veiðitæki á árunum 1942—1953. Hafði stjórn Fiskiræktar- og veiðifélags Laxár í Leirársveit kært til héraðsdómarans með bréfi, dags. 25. júní 1953, að ákærði hefði lagt laxveiðigildru, sem ólög-mæt muni vera, þar sem op og leiðari gildrunnar vísi upp á móti straumlínu Urriðaár. Út af kæru þessari kom ákærði fyrir dóm hinn 30. ágúst 1953. Lýsti hann því þá, að frá því á árinu 1942 hefði hann stundað laxveiði fyrir landi jarðar-innar Litla-Lambhaga með einni veiðigirðingu, að undan-teknu árinu 1952, en þá hefði hann haft tvær veiðigirðingar. Þá mótmælti hann því, að inngangur í veiðikrær á girðingum hans hafi vitað á móti straumi, og verður ekki séð, að hann hafi síðar í prófum málsins viðurkennt, að op á veiðikrómm hans hafi snúið á móti straumi Urriðaár, eins og þó er sagt í hinum áfrýjaða dómi, að hann hafi gert.

Þegar ákæruskjal var út gefið, hafði ekki annað komið fram í málinu um veiðitæki ákærða en það, sem greint var hér að framan. Eftir það kom Gestur Kristjánsson veiðieftirlitsmaður fyrir dóm hinn 5. marz 1954. Kvað hann sér hafa verið kunnugt um lagnir ákærða á undanförnum árum og að við skoðun á veiðigirðingu ákærða sumarið 1953 hafi hann séð, að op hennar hafi snúið móti straumi Urriðaár. Hinn 15. marz 1954 kom ákærði aftur fyrir dóm, en ekki var hann þá spurður frekar um veiðigirðingarnar, og ekki verður séð, að honum hafi verið kynntur vitnisburður veiðieftirlitsmanns-

ins. Var rannsókn málsins þar með lokið. Ekki var veiðigirðing sú, sem ákærði hafði sumarið 1953, teiknuð inn á uppdrátt af veiðisvæðinu, er sýndi gerð hennar, legu og afstöðu til Urriðaár, og ekki var leitað álits veiðimálastjóra og Veiðimálanefndar um veiðigirðinguna og lögmæti hennar. Einnig hefði átt að kveðja sérfróða menn til að dæma málið ásamt héraðsdómara.

Þar sem prófum málsins og dómi er svo áfátt, sem að framan getur, verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði, kr. 400.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 900.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda í héraði, Jóhannesar Elíassonar héraðsdómslögmanns, kr. 400.00, og skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónssonar og Hermanns Jónassonar, kr. 900.00 til hvors.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 18. maí 1954.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Gísla Gíslasyni, sjómanni, Akurgerði 12, Akranesi, með ákæruskjali, útgefnu 19. febrúar 1954, fyrir brot gegn 4. tölulið 30. greinar, sbr. b-lið 89. greinar, laga nr. 112 frá 1941 um lax- og silungsveiði.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. apríl 1910 að Litla-Lambhaga, og hefur hann ekki áður sætt ákæru eða refsingu.

Með bréfi, dagsettu 25. júní 1953, kærði stjórn Fiskiræktar og veiðifélags Laxár í Leirársveit yfir því, að ákærði hefði ólöglega

laxveiðigildru fyrir landi eignarjarðar sinnar, Litla-Lambhaga í Skilmannahreppi.

Fyrir sakadómi viðurkenndi ákærði, að hann hefði frá því árið 1940, að hann keypti Litla-Lambhaga, stundað laxveiði fyrir landi jarðarinnar, fyrst í net, en síðan með girðingu og veiðikró. Veiðitæki sín kveðst hann hafa haft við sunnanvert Lambhaganes, og hafi girðing legið út frá nesinu út undir Urriðaá, þar sem hún fellur um leirurnar, en þó ekki svo langt að hún næði út í vatn Urriðaár. Op á veiðikrónni, viðurkennir hann, að hafi snúið móti straumi Urriðaár.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins, en til vara, að refsing hans verði látin niður falla samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940.

Sýknukröfuna byggir hann á því, að veiðitæki ákærða sé staðsett á leirusvæði Urriðaár og séu á þurru um fjöru. Sé því ekki hjá þeim um straum að ræða af völdum árinna, heldur af völdum sjávarfalla. Þá telur hann, að lax gangi eigi til hrygningar upp í Urriðaá, og veiðist því eigi í veiðitæki ákærða annar lax en sá, sem er á sveimi fram og aftur um Leirárvoginn.

Varakröfuna byggir hann á því, að veiðieftirlitsmanni hafi um langt árabil verið kunnugt um, að ákærði starfrækti við Lambhaganes veiðigildru og á hvern hátt gildran var gerð, en þó ekkert að hafzt til að stöðva starfrækslu hennar. Telur hann, að ástæða hafi verið fyrir ákærða að draga af þessu þá ályktun, að gildran væri þannig gerð, að eigi færi í bága við landslög.

Að réttarins áliti verður að skýra ákvæði 4. töluliðs 30. gr. laxveiðilaganna þannig, að hann sé lagt við því, að op veiðikróar vísi gegn straumi þeirrar ár, er veiðikróin er í, og það jafnt þó að veiðikróin sé á leirusvæði árinna. Verður þetta einkum ljóst, er athuguð er síðari málsgrein töluliðsins, þar sem segir, að með þessu ákvæði eigi að koma í veg fyrir, að í veiðitækið veiðist fiskur, sem er að ganga úr á eða árósi.

Samkvæmt þessu verður að telja, að veiðikró sú, er ákærði starfrækti s.l. sumar við Lambhaganes á leirusvæði Urriðaár, en op hennar vissi gegn straumi Urriðaár, hafi verið ólöglegt veiðitæki, og að ákærði hafi með starfrækslu hennar gerzt brotlegur við 4. tölulið 30. gr. laxveiðilaganna.

Hins vegar verður rétturinn að fallast á það, að afskiptaleysi veiðieftirlitsmanns og Veiðimálanefndar gagnvart veiðitæki ákærða, er hann hefur starfrækt um langt árabil, geti hafa orðið þess valdandi, að hann hafi litið svo á, að verknaður sinn væri eigi réttarbrott, og þykir því rétt samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940 að ákveða, að refsing hans skuli niður falla.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, kr. 400.00.

Hin ólöglegu veiðitæki skulu upptæk gerð.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Gísla Gíslasonar sjómanns, Akurgerði 12, Akranesi, falli niður.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda hans, hdl. Jóhannesar Elíassonar, 400 — fjögur hundruð — krónur.

Ólögleg veiðitæki ákærða skulu upptæk gerð og andvirði þeirra renna í sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 21. júní 1955.

Nr. 167/1954. **Keilir h/f** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Ársæli Jónassyni (Ragnar Jónsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Theódór B. Líndal og Ólafur Jóhannesson.

Skuldamál. Um rétt til skuldajafnaðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi fékk áfrýjunarleyfi hinn 4. október 1954 og skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. s. m. Dómkröfur hans eru, aðallega að honum verði dæmd sýkna, en til vara, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda 5% ársvexti af kr. 49.184.67 frá 15. september 1952 til 22. október s. á., og loks, að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Svo sem í héraðsdómi segir, áttu þeir stefndi, Páll Einarsson og Einar Eyfells flak tundurspillisins Skeena, og veittu þeir stefndi og Einar hinn 10. marz 1952 Páli umboð til að selja flakið. Páll var formaður í stjórn Keilis h/f, áfrýjanda